

10. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 23. nóvember 1981.

Pálmi Jónsson.

Ragnheiður Árnadóttir.

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 140 10. ágúst 1964.

1. gr.

1. gr. orðist svo:

Borgarstjórn Reykjavíkur er skipuð 21 borgarfulltrúa, kjörnum skv. lögum nr. 5/1962.

2. gr.

2. mgr. 7. gr. orðist svo:

Aukafundi skal halda skv. ákvörðun borgarstjóra, forseta borgarstjórnar eða ef sjö borgarfulltrúar hið fæsta krefjast þess.

3. gr.

Ákvæði til bráðabirgða:

Breytingar þessar taka gildi við reglulegar kosningar til borgarstjórnar í maí 1982 og skal þá kjörinn 21 borgarfulltrúi.

Samþykkt þessi, sem borgarstjórn Reykjavíkurborgar hefur samið og samþykkt staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. mars 1961.

Félagsmálaráðuneytið, 27. nóvember 1981.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfriður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 238 17. apríl 1980 um gatnagerðargjöld í Miðneshreppi í Gullbringusýslu.

1. gr.

1. mgr. 4. gr. orðist svo:

Gjöld samkvæmt 3. gr. breytast ársfjórðungslega í samræmi við vísitölu byggingarkostnaðar.